



# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 17 — SEPT. '80



## Fréttapistill

Nýlega var gerð tilraun til að klifa Skarðatind (1385 m) í Öræfum. Hér var um að ræða sólótilraun af hálfu Helga Benediktssonar, en samferðafélagi hans, Pétur Ásbjörnsson, þurfti að hætta við niðri í Morsárdal vegna slæmsku í fæti. Hélt því Helgi áfram einn síns liðs upp í vesturhlíðarnar og inn í þokuna, sem var í um 700–800 m. Ær hann kom uppúr henni, náði hann í skarð nokkurt sunnan við aðaltindinn. Fór hann þar á tind nokkurn sunnan við skarðið, en hætti við að reyna við Skarðatindinn úr þessari átt vegna 100 m lóðréttis klettabeltis, sem trúlega er ókleift.

Ákvað Helgi því að reyna norðanvið Skarðatindinn, en með því að fara upp snjóskafli þar má komast nálægt tindinum. Pegar nær dró, kom í ljós, að skaflinn var sundurslitinn og sköguðu hamrar og klettafláar upp úr, auk þess sem snjóinn var orðinn illilega gljúpur í hita dagsins. Varð hann því að hverfa frá.

Vestrahornið var heimsótt af tveim félögum ÍSALP dagana 25.–27. júní síðastl. Áttu þar í hlut þeir Snaevarr Guðmundsson og Höskuldur Gylfason. Fyrsta daginn fóru þeir 300 m langa leið með hreyfingum af 3. gr. Daginn eftir var reynt við tind nokkurn, sem Rustanöf heitir. Þar var komist í hreyfingar af 3+. Samt var horfið frá því verkefni, því að efstu 20–30 metrarnir virtust ókleifir.

Að kvöldi fimmtudagsins 26. júní var svo lagt á Vestrahornið sjálf og náðu þeir télagar tindinum stuttu fyrir miðnætti. Var þar lítið um klifur, en ekki fóru þeir sömu leið og þeir Ævar og Örvar Aðalsteinssynir og Birgir Jóhannesson fóru í fyrra.

Að lokum má benda á, að í júníhefti Climber and Rambler 1980, birtist grein þar sem greint er frá göngu þriggja Bretta á Hvannadalshnjúk í sama mánuði.

Snævarr Guðmundsson